

Samningur

milli

Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ)
og Samtaka atvinnulífsins (SA)

og

Farmanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ),

um framlengingu á kjarasamningum aðila með eftirfarandi breytingum:

1. Hækkun kaupliða

Grein 1.03 orðist þannig:

Þann 1. janúar 2009 verður kauptrygging annars stýrimanns kr. 247.306 og skipstjóra, yfirstýrimanns kr. 296.768. Aðrir launaliðir en starfsaldurálag og tímakaup hækka um 5,5%.

Þann 1. janúar 2010 hækkar kauptrygging háseta um kr. 6.500 og tímakaup og starfsaldursálag taka mið af þeirri hækkun. Aðrir liðir hækka um 2,5%.

2. Uppgjörsgengi

Við grein 1.12 bætist eftirfarandi:

Uppgjör skal miðað við kaupgengi Seðlabanka Íslands eða viðskiptabanka viðkomandi útgerðar á gjaldeyri á þeim degi sem löndun hefst.

Ef gengi fyrsta löndunardags vikur meira en 5% frá meðalgengi þess dags og næstu fjögurra virku daga, eiga áhöfn og útgerð rétt á að miða við meðalgengi þeirra daga allra.

Heimilt er útgerð að miða uppgjör við meðalgengi gjaldeyris á löndunardegi og næstu fjögurra virku daga enda sé það almennur uppgjörsmáti. Breyting á verklagi uppgjörs skal tilkynnt með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara.

3. Fiskverðsmál


Grein 1.28.4 breytist þannig að hlutfallið 78,4% í slægðri ýsu verður 84%.

Að öðru leyti vísast til bókunar 1 með samningi þessum.

4. Olíukostnaður

Olíuverðsviðmiðun samkvæmt grein 1.29.1 verður þannig:

Skiptaverð innanlands og á vinnsluskipum skv. olíuverðsviðmiðun:



Innan- lands	Frosinn botnfiskur		Frosin rækja		Heimsmarkaðs- verð á gasolíu		
	fob	cif	fob	cif	\$fob/tonn		
80%	77,0%	71,5%	74,0%	68,5%	Lægra en	143,00	\$
79%	76,5%	71,0%	73,5%	68,0%	143,00	160,99	\$
78%	76,0%	70,5%	73,0%	67,5%	161,00	178,99	\$
77%	75,5%	70,0%	72,5%	67,0%	179,00	196,99	\$
76%	75,0%	69,5%	72,0%	66,5%	197,00	214,99	\$
75%	74,5%	69,0%	71,5%	66,0%	215,00	232,99	\$
74%	74,0%	68,5%	71,0%	65,5%	233,00	250,99	\$
73%	73,5%	68,0%	70,5%	65,0%	251,00	268,99	\$
72%	73,0%	67,5%	70,0%	64,5%	269,00	286,99	\$
71%	72,5%	67,0%	69,5%	64,0%	287,00	304,99	\$
70%	72,0%	66,5%	69,0%	63,5%	305,00	\$ og hærri	

5. Greiðslumiðlun

Verði lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum, felld úr gildi, skal grein 1.34 í kjarasamningi aðila taka gildi frá og með sama tíma. Greinin orðist svo:

Útgerðarmönnum er skylt að halda eftir af kaupi yfirmanna er hjá þeim starfa fjárhæð sem nemur ógreiddu félags- eða vinnuréttindagjaldi til viðkomandi stéttarfélags innan FFSÍ.

Ákveði stéttarfélagið að félags- eða vinnuréttindagjaldi skuli verað hlutfall (%) af kaupi eða kauptrygginu viðkomandi yfirmanns þá skal stéttarfélagið láta útgerðarmanni í té þar til gerð skilagreinarreyðublöð til útfyllingar til innheimtu iðgjalda.

Á móti iðgjaldi skipverjans greiðir útgerð 0,22% iðgjald af launum til viðkomandi stéttarfélags innan FFSÍ. Skilyrði fyrir þessum greiðslum er að ársreikningar FFSÍ séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og eintak þeirra og þeirra sjóða sem félagið rekur afhentir LÍÚ eigi síðar en 1. júní ár hvert.

Útgerðarmaður skal standa skil á iðgjöldunum samtímis og greiðslum til annarra sjóða stéttarélagsins, þ.e. um leið og reikningsuppgjör fer fram eftir lok hvers kauptryggingartímabils.

6. Uppgjör samkvæmt greinum 1.37.2 og 1.37.3.

Aftan við grein 1.37.3 kemur ný grein sem orðast þannig:

Uppgjör samkvæmt greinum 1.37.2. og 1.37.3 skal fara fram eigi síðar en 1. mars næsta ár. Útgerðir skulu veita upplýsingar um meðalaflahlut á úthaldsdag skipa í viðkomandi skipaflokki eins fljótt og verða má. Upplýsingar um hvert skip eru trúnaðarmál.

7. Línuveiðar.

Grein 2.05, landróðrar, orðist þannig:

Á skipum með beitningavél, sem landa daglega, skal hundraðshluti af afla vera eftirfarandi:

Á skipum að 60 brl.	31,9 % miðað við 5 menn
Á skipum 60 - 100 brl.	31,9 % miðað við 7 menn
Á skipum 101-149 brl.	30,5 % miðað við 9 menn
Á skipum 150-190 brl.	30,5 % miðað við 11 menn
Á skipum 191-241 brl.	29,4 % miðað við 12 menn
Á skipum 241 brl. og stærri	28,4% miðað við 12 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,6 fyrir hvern mann sem vantar.

Ef um fleiri menn er að ræða, skal skipaprósentan hækka um 1,6 fyrir hvern mann.

Grein 2.06, útilegur, orðist þannig:

Á skipum með beitningavél, sem eru á útilegu, skal hundraðshluti af afla verða eftirfarandi:

Á skipum að 60 brl.	33,5 % miðað við 6 menn
Á skipum 60 - 100 brl.	33,5 % miðað við 8 menn
Á skipum 101 - 144 brl.	33,5% miðað við 10 menn
Á skipum 145 - 241 brl.	33,3% miðað við 14 menn
Á skipum 241 brl. og stærri	32,3% miðað við 14 menn

Ef færri menn eru um borð en að ofan greinir skal skiptaprósentan lækka um 1,6 fyrir hvern mann sem vantar.

Ef um fleiri menn er að ræða skal skiptaprósentan hækka um 1,6 fyrir hvern mann sem umfram er.

8. Hafnarfrí

Við grein 2.13 kemur viðbótargrein:

Heimilt er LIÚ vegna einstakra útgerða og stéttarfélögum viðkomandi skipverja að semja um að hafnarfrí verði tekin í frítúrum þannig að skipið stoppi ekki umfram þann tíma sem tekur að landa afla og búa skipið undir næstu veiðiferð.

Í slíkum samningi skal kveðið á um að tekið verði upp skiptimannakerfi þannig að hver skipverji vinni að jafnaði 22 daga í hverjum mánuði, en eigi frí aðra daga mánaðarins. Komi til þess að ekki fiskist fyrir kauptryggingu innan mánaðar skal greiða hverjum skipverja kauptryggingu miðað við fullan mánuð enda hafi viðveruskylda skipverjans verið 22 dagar í mánuðinum.

Heimilt er skipverjum í samráði við útgerð að ákveða jafnaðarlaunakerfi samhliða því að slíkt skiptimannakerfi er tekið upp.

9. Áætlaðar inniverur á frystitogurum.

Aftan við grein 5.27 kemur ný grein sem orðast þannig:

Við upphaf veiðiferðar skal tilkynna áhöfn hvenær áætlað er að veiðiferð ljúki. Verði breytingar á áætlaðri lengd veiðiferðar skal það tilkynnt áhöfn eins fljótt og verða má.

Útgerð skal upplýsa áhöfn um áætlaða lengd veiðiferða a.m.k. þrjá mánuði fram í tímann. Jafnframt skal áhöfn tilkynnt eins fljótt og verða má verði breytingar á áætlun. Breytingar frá áætlun varða ekki viðurlögum.

10. Uppsjávarveiðar.

Ákvæði um jólafrí á kolmunnaveiðum þar sem aflinn er ekki unninn um borð verða eins og á loðnu- og síldveiðum. Ákvæði um frí á föstudaginn langa og páskadag á uppsjávarveiðum fellur niður.

11. Endurhæfingarsjóður.

Í kjarasamning FFSÍ kemur ný sérstök grein:

Útgerð greiðir 0,13% iðgjald af öllum launum til VIRK-Endurhæfingarsjóðs, í fyrsta sinn, næstu mánaðarmót eftir að atkvæðagreiðslu félaganna um samþykki nýs kjarasamnings er lokið.

12. Samningsforsendur.

Geri nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði breytingar á þeim samningi vegna breyttra samningsforsendna eru samningsaðilar sammála um að gera samsvarandi breytingar á kauptryggingu og launaliðum samningsins. Komist nefndin ekki að samkomulagi skulu aðilar endurskoða launalið samningsins.

13. Gildistími samningsins.

Með þeim breytingum sem hér eru gerðar á samningnum aðila framlengjast þeir til 1. janúar 2011 og renna þá úr gildi án uppsagnar.

Reykjavík 17. desember 2008.

Með fyrirvara um samþykki aðildarfélaga.

f.h. Landssambands íslenskra
útvegmanna og Samtaka atvinnulífsins

f.h. Farmanna- og fiskimanna-
sambands Íslands

[Handwritten signatures]

[Handwritten signature]

Bókanir:

1. Bókun um fiskverð

Aðilar eru sammála um að fylgjast vel með þróun fiskverðs þeirra fisktegunda þar sem ekki hafa verið sett markmið eins og gert hefur verið við þorsk, ýsu og karfa. Sérstaklega skal hugað að því að verð víki ekki verulega frá því sem almennt gerist.

Stefnt skal að því að breyta viðmiði fyrir þorsk, ýsu og karfa í grein 1.28.4, 4 málsgreinar kjarasamnings aðila frá því að miða við þau hlutföll sem voru árið 2000 til þeirra hlutfalla sem verða árið 2008. Aðilar eru sammála um að kanna sérstaklega hvort taka eigi upp viðmið fyrir ufsa á samningstímanum.

2. Bókun um olíuverð

Verði veruleg verðhækkun á olíu á samningstímanum sem leiðir til þess að veiðar verði ekki stundaðar með arðbærum hætti, eru aðilar sammála um að taka upp viðræður um tímabundin breytt skiptahlutföll.

3. Bókun um slysavarnir.

Aðilar eru sammála að leggja áherslu á að bæta slysavarnir til sjós. Stefnt skal að því að fyrir árslok 2009 skuli lokið við að koma á samræmdri skráningu á slysum og óhappatilvikum um borð í skipum með það að markmiði að fyrirbyggja slys. Tryggingarskilmálar slysatrygginga sjómanna skulu á hverjum tíma miðast við raunverulegan meðalstarfsaldur til sjós. Aðilar skulu á a.m.k. 5 ára fresti aðlaga skilmálanna þeim breytingum sem kunna að verða á meðalstarfsaldri sjómanna.

4. Greiðsla útlagðs kostnaðar.

LÍÚ skal ganga sérstaklega eftir því að greiðslur samkvæmt greinum 1.20. í samningi FFSÍ séu inntar af hendi þar sem útgerð hefur ekki nú þegar lagt þeim skipstjórnarmönnum sem undirbúa skip til næstu veiðiferðar farsíma til notkunar.

Reykjavík 17. desember 2008.

F.h. Landssambands íslenskra
útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins

f.h. Farmanna- og fiskimanna-
sambands Íslands

